

999. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. janúar 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mættir voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Sigurður Sigfússon, Benedikt Vilhjálmsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson, Gunnar Böðvarsson, Valur M. Valtýsson, Jón Magnússon og Margrét Sverrisdóttir, auk Elfasar Magnússonar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Velferðarverkefni Sjúkrasjóðs VR

Verkefnið hófst í maí 2007 og gengur út að reyna að greina þá sem stefna á varanlega örorku, bjóða þeim í viðtal og aðstoð við endurhæfingu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Gunnar Kr. Gunnarsson, endurhæfingarlækni á Reykjalundi. Í fyrstu beinist verkefnið einkum að fólki með geðraskanir og stoðkerfisvanda. Samþykkt var að halda verkefninu áfram.

3. Fjárhagsáætlun

Lögð var fram eilítið breytt fjárhagsáætlun frá síðasta fundi þar sem dregið hefur verið út auglýsingakostnaði og tekið tillit til þess, að ákveðið var að fara í endurbætur í Miðhúsaskógi á síðasta fundi sem leiðir til þess að tap á Orlofssjóði er áætlað um 19 milljónir króna. Fjárhagsáætlun var samþykkt með þessum breytingum þar sem hagnaður allra sjóða VR er áætlaðar samtals tæpar 460 milljónir en þar af er áætlað að leggja í varasjóð á nafn hvers félagsmanns kr. 260 milljónir, en það er sjálfstæð ákvörðun aðarfundar.

4. Staða kjarasamninga

Slitnað hefur upp úr breiðu samfloti ASÍ félaga í viðræðum við SA. Eftir svör ríkisstjórnarinnar var það sameiginleg niðurstaða formanna landssambanda ASÍ og stærstu aðildarféлага að taka sammingsumboð heim í hérað. Samþykkt var að halda okkur við þá kröfu að hækka lágstu laun sérstaklega, semja um hækkun til þeirra sem setið hafa eftir í launaskriði síðasta árið og jafnframt vera tilbúin að gera samninga til lengri tíma gegn sjálfvirkum endurskoðunarákvæðum með tengingum við vísitölur.

5. Úthlutun orlofshúsa

Lagt var fram minnisblað um breytta úthlutunaraðferð orlofshúsa. Sú breyting sem gerð var 4. janúar sl. á úthlutun orlofshúsa, þar sem opnað var á bókanir 9 mánuði fram í tímann, þar sem reglan „fyrstur bókar, fyrstur fær“ gildi og félagsmönnum gefin kostur á að ráða fjölda gistinátta, gekk mjög vel.

6. Framboð til stjórnar VR

Framboðsfrestur rann út í gær. Enginn bauð sig fram gegn sitjandi formanni en 11 bjóða sig fram í kjöri til stjórnar en fylla þarf 7 sæti aðalmanna og 3 til vara. Því þarf að kjósa á milli frambjóðenda á Nýársfundi. Til viðbótar stjórn bjóða 84 sig fram í 82 sæti í trúnaðarráði, uppstillingarnefnd mun gera tillögu um skipun trúnaðarráðs.

7. Samþykktir fyrir deild í Vestmannaeyjum

Áður framlögð drög að samþykktum voru samþykkt án athugasemda.

8. Fundargerðir stjórnarfundna VR

Samþykkt var að breyta formi og varðveislu fundargerða. Í stað þess að færa fundargerðir í bók, eru útprentaðar fundargerðir áritaðar og bundnar inn á nokkurra ára fresti, auk þess skulu þær vistaðar rafrænt í skjalavistunarkerfi og birtar á heimasíðu VR. Á heimasíðu skal þó fella á brott upplýsingar, ítarefni, er gætu varðað ákvæði persónuverndar eða umfjöllun um umræður á stjórnarfundum nema stjórnarmenn óski sérstaklega eftir að bóka ummæli sín.

9. Reglur um hvenær styrkumsóknir fara fyrir stjórnarfund.

Samþykkt var að styrkbeiðnir yfir kr. 100.000 verði lagðar fyrir stjórn en þó ekki nema ítarleg fjárhagsáætlun fylgi umsókninni og lýsing á verkefninu. Ennfremur þarf verkefnið að vera í samræmi við áherslur og markmið VR og þurfa ábyrgir aðilar að standa á bak við umsókn.

10. Trúnaðarmenn

a	Rúnar Þór Pétursson	Húsasmiðjam – Egg	Endurkjör
b	Jón Brynjar Birgisson	Rauði Kross Íslands	Nýr
c	Alda Særún Guðbjörndsdóttir	Rekstarvörur	Endurkjör
d	Harpa Björt Barkardóttir	Hagar – Sérvörusvið	Nýr
e	Sesselja Jónsdóttir	Penninn ehf	Endurkjör
f	Guðmundur J. Jónsson	Borgun hf	Endurkjör
g	Halla Guðrún Jónsdóttir	Borgun hf	Endurkjör
h	Brynja Dögg Brynjarsdóttir	Bílaleiga Flugleiða - Hertz	Nýr
i	Ásmar Örn Brynjólfsson	Fálkinn hf	Nýr
j	Gunnar Þór Ármannsson	Húsasmiðjan - Helluhrauni	Nýr
k	Brynja Georgsdóttir	Nói-Siríus hf	Nýr
l	Guðbjörg Auðunsdóttir	Ferðaskrifstofu Íslands	Nýr
m	Kristín Anna Þórðardóttir	Norðurál ehf. - Grundartanga	Nýr
n	Áshildur Jónsdóttir	Marel Food System hf	Nýr
o	Esther Helga Ólafsdóttir	Kreditkort hf	Nýr

Engar athugasemdir voru gerðar og málið afgreitt.